

Ragna Róbertsdóttir borgarlistamaður 1987 sýnir nú verk sín á Kjarvalsstöðum.

Ragna Róbertsdóttir sýnir á Kjarvalsstöðum


RAGNA Róbertsdóttir opnar sýningu á Kjarvalsstöðum laugardaginn 27. ágúst kl. 14. Á sýningunni eru skúlptúrar úr torfi og grjóti sem Ragna hefur unnið sl. tvö ár.

Ragna var valin Borgarlistamaður 1987 og er með þessari sýningu að þakka fyrir sig.

Ragna stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Konstfack, Stokkhólmi.

Ragna hefur tekið þátt í samsýningum síðan 1975, bæði heima og erlendis, svo sem í Bandaríkjunum, Japan, Póllandi, Ungverjalandi og á Norðurlöndunum. Hún hefur haldið einkasýningar í Nýlistasafninu 1986, Gallerí Ganginum 1987, Gallerí Glugganum, Akureyri, og í Gallerí Birgis Andrésónar 1988, ásamt nú þessari sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða.

Sýningin er opin frá 14–22 alla



Morgunblaðið/Silli

Myndin sýnir jarðborinn við Skógarlón í Öxarfirði.

Borað eftir heitu vatni í Öxarfirði

BORHOLA við Skógarlón í Öxarfirði gaf um síðustu helgi 30 lítra á sekúndu af 85 til 95° heitu vatni. Hafði þá verið borað niður á 320 metra dýpi. Borun eftir heitu vatni við Skógarlón er liður í rannsóknarverkefni vegna fiskeldis við Öxarfjörð. Verkið er fjármagnað af ríki og viðkomandi sveitarfélögum, Kelduness-, Öxarfjarðar- og Presthólahreppi. Seljalax hf. stendur undir kostnaði af hálfu heimamanna. Borun hófst um miðjan júlí á þessu ári.

„Þetta verk er í biðstöðu þessa stundina en hitinn í holunni gefur okkur góðar vonir um framtíð fiskeldis við Öxarfjörð. Nú er meðal annars beðið eftir umsögn Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins áður en lengra er haldið. Einnig er það fé sem fékkst til verksins þrotið,“ sagði Björn Benediktsson oddviti í viðtali við Morgunblaðið.

Björn sagði að ætlunin hefði verið að bora niður á 500 m dýpi en það hefði því miður ekki tekist. „Það var tekin áhætta við fóðrun holunnar í þeim tilgangi að spara fé. Það varð hins vegar til þess að borholan féll saman og ekki tókst að bora lengra niður en á 320 m dýpi. Svigrúm til að mæta áfalli sem þessu er lítið sem ekkert,“ sagði Björn.

Samband norrænna verkalyðsfélaga:

Bráðabirgðalögum mótmælt

STJÓRN Sambands norrænna verkalyðsfélaga mótmælti á fundi sínum í Færeyjum á miðvikudag bráðabirgðalögum íslensku ríkisstjórnarinnar frá því í maí í vor að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Alþýðusambandi Íslands.

Eftirfarandi ályktun var einróma samþykkt: „Verkalyðshreyfingin á Norðurlöndum lítur svo á, að frjáls verkalyðshreyfing sé ómissandi þáttur lýðræðis. Það á ekki síst við um réttinn til að semja um kaup og kjör. Á síðari árum hefur farið vaxandi að ríkisstjórnir reyni að leysa efnahagsvanda með því að leggja hömlur á frelsi stéttarfélaganna. Ríkisstjórn Íslands hefur með

lögum numið úr gildi grundvallarétt verkalyðsfélaga. Samband norrænna verkalyðsfélaga (NFS), sem er samtök 7,2 milljóna launþega á Norðurlöndum, mótmælir harðlega þessari atlögu íslensku

ríkisstjórnarinnar að grundvallarétti verkalyðshreyfingarinnar og almennum lýðréttindum, enda brýtur hún gegn alþjóðlegum grundvallarreglum um starfsemi frjálsra verkalyðsfélaga“.

**VERIÐI STILLT!!!
SPORTBÍLL OG SPÍTTBÁTUR**

RÝMINGARSALA

Á FYRSTA FLOKKS GÓLFTTEPPUM

30% verðlækkun

á úrvals - sérframleiddum teppum úr íslenskri ull teppi úr 80% ull + 20% nylon á hlægilegu verði.

	verð áður	verð nú	lækkun
Flair pr. m2	1795,-	1249,-	546 kr. eða 30%
Tweed pr. m2	1985,-	1389,-	596 kr. eða 30%
Askja og Hekla pr. m2	1665,-	1165,-	500 kr. eða 30%

Hentugir litir á alla gólfleti.

5 - 30% verðlækkun

á mörgum gerðum annarra teppa og gólfdukkum.

Allt að 50% afsláttur

af gólfteppa og gólfduka afgangum og bútum.

5% kynningarafsláttur

á norsku gæðaparketi frá BOEN og úrvals - korkflísnum frá Portúgal.

SÉRTILBOÐ

Nokkur sófaborð með 50% afslætti.

Ný verslun á gömlu grunni með vandaða vöru á vægu verði.

TEPPABÚÐIN

GÓLFEFNAMARKAÐUR SUÐURLANDSBRAUT 26 S - 91 681950